

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Búðardals
nr. 35 22. febrúar 1969.

1. gr.

10. gr., 2 og 3. málsl. orðist svo:

Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 500.00 af hverri húseign. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 500.00 af hverri íbúð, sem fram yfir er.

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Fyrir önnur vatnsnot skal greiðast sem hér segir:

Fyrir vatn í steypu, af hverri notaðri sementstunnu	kr. 1.00
Fyrir gripi, þar sem vatn er leitt í hús:	
a. Fyrir hvern nautgrip, sem inni er að vetri	— 60.00
b. Fyrir hvert hross, sem inni er að vetri	— 40.00
c. Fyrir hverja sauðkind, sem inni er að vetri	— 2.00
Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsi	— 1.20
Fyrir hvern stórgrip, sem slátrað er í sláturhúsi	— 16.00

Heimilt er að leggja vatnsskatt á hverja skrásetta bifreið í Búðardal, ef aðstaða er til þvottar.

Fyrir önnur vatnsnot, svo sem til veitingareksturs, mjólkurvinnslu, þvottastöðva bifreiða, skipa eða hvers annars, skal greiða eftir samkomulagi við yfirstjórn vatnsveitunnar.

Komi til vatnsnotkunar fyrirtækja eða stofnana umfram það, sem gert er ráð fyrir hér að framan, getur yfirstjórn vatnsveitunnar í samráði við hreppsnefnd lagt aukagjald á þau, og skal gjaldið miðað við þann kostnað, sem í þarf að leggja af þeim sökum.

3. gr.

Í 13. gr. breytast orðin „... um allt að kr. 1000.00 í stofngjald ...“ í „um allt að kr. 2000.00 í stofngjald ...“.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitunefnd Búðardals í samráði við hreppsnefnd Laxárdalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 frá 21. júní 1923, sbr. lög nr. 93 frá 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. nóvember 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.